



Aðalfundur Landssambands fiskeldisstöðva, 31. maí 2005, haldinn í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35 í Reykjavík kl. 14:00.

Finnbogi Jónsson formaður LF setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna á aðalfund. Formaður bar upp tillögu um að Vigfús Jóhannsson yrði fundarstjóri og Guðbergur Rúnarsson ritari. Tillagan var samþykkt einróma.

Fundastjóri staðfesti að mættir væru fulltrúar fyrir 87 % atkvæða í félaginu og að boðað hefði verið til aðalfundarins skv. lögum félagsins og lýsti fundinn löglegan.

1. Skýrsla stjórnar og ræða Finnboga Jónssonar formanns LF

Starfsárið 2004 var að mörgu leyti hefðbundið. Ýmiss lög og reglugerðir, sem tengjast fiskeldi beint og óbeint, tóku gildi á árinu. Þar á meðal voru ný raforkulög og lög um mengun hafs og stranda.

Félagið hefur reynt að hafa jákvæð áhrif á reglugerðarvinnu stjórnvalda með umsögnum, gerð tillagna og kynningum.

Meðal annars stóð LF fyrir mörgum fundum til að hafa áhrif á hin nýju raforkulög og átti m.a. fundi með iðnaðarráðherra, sérfræðingum í ráðuneytinu, Orkustofnun, Landsvirkjun, Hitaveitu Suðurnesja og Rarik. Félagið var ekki sátt við niðurstöður þessara viðræðna en ljóst er áhrif þessara laga hefðu getað orðið enn verri en raun varð á ef félagið hefði ekki beitt sér.

Aðalfundur félagsins fyrir starfsárið 2003 var haldinn hér í húsinu 20. apríl 2004. Í tengslum við aðalfundinn stóð LF fyrir fiskeldisráðstefnu í samstarfi við ýmsa féлага og sóttu rúmlega 50 manns ráðstefnuna.

Á haustmánuðum hélt svo LF fiskeldisráðstefnu í samvinnu við þorskeldishóp AVS en AVS stendur eins og kunnugt er fyrir "aukið virði sjávarfangs".

Ráðstefnan sem var skipulögð sem heils dags ráðstefna og var haldin á Hótel Loftleiðum. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Staða einstakra eldistegunda og þörf á rannsókn- og þróunarvinnu”.

Rúmlega 150 manns tóku þátt og er það almenn skoðun að vel hafi tekist til. Hægt er að nálgast fyrirlestranna á heimasíðu félagsins, www.lf.is.

Litlar sem engar almennar deilur voru á árinu við önnur hagsmunasamtök um áhrif fiskeldis, eins og voru t.d. á haustmánuðum 2003. Þá kom í ljós að fiskeldið á Íslandi á ýmsa andstæðinga sem svífast einskis í málflutningi sínum.

Á erlendum vettvangi voru þrávirk lífræn eiturefni nokkuð í fréttum í ársbyrjun og dróst eldislax inn í þá umræðu. Formaður og framkv.st. LF unnu ötullega við að beina fréttamönnum til rétttra aðila sem hafa sérfræðiþekkingu á þessu sviði. Málið koðnaði fljótlega niður, allavega tímabundið.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins gerði úttekt á þrávirkum lífrænum efnum, m.a. díoxíni, í íslenskum eldislaxi og silungi. Skýrslan kom út í janúar 2004 og fékk félagið Rf til að kynna efni skýrslunnar. Niðurstaða þeirra skýrslu er að þrávirk lífræn efni í eldisfisk frá Íslandi er langt undir mörkum Evrópusambandsins og í raun sambærilegt við það sem gerist í villtum írskum laxi.

Engar tilkynningar bárust um að eldisfiskur hafi sloppið á árinu og engar fréttir voru um voru um veiddan eldisfisk í laxveiðiam á s.l. sumri.

Á haustmánuðum í fyrra tóku gildi varnaraðgerðir Evrópusambandsins á laxi. Stjórn og framkv. st. félagsins unnu mikið í þessu máli með utanríkisráðuneytinu og í því starfi náðist ásættanlegur kvóti hjá Evrópusambandinu.

Á vormánuðum 2004 komu fyrstu drög að svo kallaðri vigtunarreglugerð. Framkv. st. LF og ýmsir félagar LF hafa lagt mikla vinnu í að reyna að móta þá reglugerð en vinna við hana stendur enn yfir hjá



sjávarútvegsráðuneytinu. LF sendi umhverfisstofnun í vor umsögn um samræmdar reglur um starfsleyfi fyrir sjókvíaeldi og er umhverfisstofnun enn að vinna í málinu. Sambærilegt erindi liggur fyrir á skrifstofunni fyrir landeldið.

Fjárhagsstaða félagsins hefur ekki verið nægjanlega góð og af þeim sökum hefur stjórn félagsins rætt um hvaða leiðir væru til að lækka kostnað. Meðal annars var rætt um að endurskoða aðild að erlendum hagsmunasamtökum en niðurstaða stjórnarinnar er að slíkt sé varhugavert í ljósi þeirra miklu hagsmuna sem þessi samtök hafa verið og þurfa að berjast fyrir ekki síst í Evrópusambandinu svo og við fjölda umhverfissamtaka. Samkomulag hefur hins vegar náðst við Samtök fiskvinnslustöðva um lækkingu á kostnaði við aðkeypta þjónustu hjá félaginu.

Skrifstofa LF hefur átt ýmis samskipti á síðasta starfsári við ráðuneyti landbúnaðar, sjávarútvegs, utanríkis og iðnaðar auk Umhverfisstofnunar. Þá hafa samskipti og samstarf um sameiginleg mál aukist mikið við önnur hagsmunafélög sem eru hér í húsinu s.s. Samtök atvinnulífsins, Samtök Iðnaðarins, LÍÚ o. fl.

Nýir félagar sem gengu í félagið á árinu eru: Veiðibjallan ehf í Neskaupstað, Sæbylí hf í Vogum, Guðmundur Runólfsson hf í Grundafirði og Brim-fiskeldi á Akureyri.

Ég vil að lokum þakka framkvæmdastjóra félagsins, Guðbergi Rúnarssyni, fyrir gott starf í þágu félagsins á árinu og þakka öðrum stjórnarmeðlimum fyrir gott samstarf. Ég vil líka þakka aðildarfélögum að LF fyrir samstarfið og stuðning við samtökin.

Eldið - Framleiðsla

	Áætlun 2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999	1998	1997	1996	1995
Lax <i>Atlantic Salmon</i>	5800	6620	4500	1471	2645	3370	3003	2742	2580	2990	2880
Bleikja <i>Arctic Charr</i>	1450	1336	1880	1540	1320	1364	850	731	630	531	471
Regnbogi <i>Rainbow Trout</i>	20	142	100	248	105	95	70	372	580	313	379
Lúða <i>Halibut</i>	130	134	95	120	93	30	13	10	2	0	0
Sandhverfa <i>Turbot</i>	120	85	32	9	3	0	0	0	0	0	0
Barri <i>Seabass</i>	0	0	0	3	20	20	15	12	3	0	0
Sæeyra <i>Red Abalone</i>	4	4	6	24	23	15	8	1	0	0	0
Þorskur* <i>Cod</i>	1250	600	375	205	70	11	0	0	1	37	35
Samtals	8.774	8.921	6988	3620	4279	4905	3959	3868	3796	3871	3765

2. Reikningar félagsins

Framkvæmdastjóri LF kynnti ársreikning félagsins fyrir árið 2004 og var samþykktur einróma.

3. Fjárhagsáætlun LF fyrir árið 2005

Tekjur:

Álögð félagsgjöld 2005: 4.135.000

Gjöld:

Rekstrarsamningur við SF: 3.050.000*

Erlend félagsgjöld (ISFA og FEAP): 480.000

Sérfræðiaðstoð: 100.000

Fundur, ráðstefnur og ferðalög: 85.000

Annað: 100.000

Samtals: 4.065.000

Tap (-): 320.000

* Með sérstökum afslætti SF



4. Árgjald

Gerð var tillaga um að árgjald yrði óbreytt starfsárið 2005, þ.e. 70.000,- pr. atkvæði og aukaaðildargjald 35.000,- sem var samþykkt án mótatkvæða.

5. Kosning formanns, stjórnar, varastjórnar og endurskoðanda.

Ein tillaga kom fram um óbreytta stjórn frá fyrra ári og var hún samþykkt einróma.

Formaður stjórnar: Finnboði Jónsson

Meðstjórnendur: Vigfús Jóhannsson, Jónatan Þórðarson, Jón Kjartan Jónsson og Arnar Freyr Jónsson

Varastjórn: Benedikt Kristjánsson, Jóhann Geirsson og Gunnar Steinn Gunnarsson

Kjör endurskoðanda

Fundarstjóri bar upp tillögu um endurskoðanda, Karl Antonsson hjá Silungi og hún samþykkt. Tillagan var samþykkt einróma.

6. Ákvörðun um laun stjórnar og endurskoðanda.

Samþykkt var að engin laun yrðu greidd til stjórnar og endurskoðanda félagsins.

7. Önnur mál.

Önnur mál voru engin og þakkaði fundarstjóri fundarmönnum góðan fund, bauð nýja félaga velkomna í félagið, þakkaði fyrir gott samstarf á árinu og sleit fundi.

Fleira var ekki gert. Fundi lokið um kl. 16:45

Reykjavík, 1. júní 2005

Guðbergur Rúnarsson framkv.st. LF

Finnboði Jónsson formaður

Vigfús Jóhannsson

Jónatan Þórðarson

Jón Kjartan Jónsson

Arnar Freyr Jónsson